



KPMG ehf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar**  
**Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar**  
**Strandgötu 6**  
**220 Hafnarfirði**

Reykjavík, 1. desember 2014

Efni: Staðfesting á óhæði

Samkvæmt 19. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 skal endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum á hverju ári staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu. Þar sem ekki er starfandi endurskoðunarnefnd hjá Hafnarfjarðarbæ staðfestum við óhæði okkar við bæjarstjórn.

Með vísan til framangreinds staðfestum við að allir þeir sem koma að endurskoðun Hafnarfjarðarbæjar, þar með taldir aðrir sérfræðingar (s.s. sérfræðingar í tölvuendurskoðun og stjórnsýsluskoðun), hafa staðfest við okkur að þeir hafi engin bein eða óbein fjárhagsleg tengsl við Hafnarfjarðarbæ önnur en sem leiðir af endurskoðuninni.

Við staðfestum einnig að samkvæmt okkar bestu vitund eru engin önnur tengsl eða aðrar aðstæður fyrir hendi sem haft gætu áhrif á óhæði okkar gagnvart Hafnarfjarðarbæ.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.